

**Nd.**

**913. Nefndarálit**

[29. mál]

um frv. til l. um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið, fengið umsagnir nokkurra aðila og haldið fundi með Ingvari Ásmundssyni, skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík, Halldóri Guðjónssyni, kennslustjóra Háskóla Íslands, Ingjaldi Hannibalssyni, forstjóra Iðntæknistofnunar Íslands, Hirti Hjartar, hagfræðingi Félags ísl. iðnrekenda, og Láru Júlíusdóttur, lögfræðingi Alþýðusambands Íslands.

Upplýst er að á vegum ríkisstjórnarinnar hefur verið og er unnið að þeim málum sem frv. fjallar um. Gert er ráð fyrir að skýrsla um endurmenntunarmál verði lögð fram á næsta þingi. Með skírskotun til þess og í því trausti, að haft verði samráð við þá aðila sem um er getið í 2. gr. frv. við frekari framgang málsins, leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 10. maí 1985.

Friðrik Sophusson,  
form., frsm.

Stefán Valgeirsson.

Halldór Blöndal.

Stefán Guðmundsson.

Eggert Haukdal.